

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 103/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóni Kristjáni Jacobsen.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m. sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Réttargæslumaður varnaraðila krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðili látinn laus. Til vara er sú krafa gerð að varnaraðili verði látinn laus gegn tryggingu, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974 og 3. tl. i.f. 5. gr. fylgiskjals með auglýsingu nr. 11/1954. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. mars 1989.**

Ár 1989, fimmtudag 16. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

**Málsatvik.**

Um kl. 13.30 sl. mánudag tilkynnti starfsmaður tollgæslu á Keflavíkurflugvelli lögreglu í Reykjavík að hjá tollgæslu væru í haldi tveir menn, þá nýkomnir flugleiðis frá Amsterdam og grunaðir um að leyna fíkniefnum innvortis.

Menn þessir reyndust Valdimar T. Þorvaldsson, kt. 300165-3709, og Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989.

Upplýst var að þeir höfðu haldið flugleiðis til Amsterdam tveimur dögum fyrr og þá með jafnvirði 180.000,00 íslenskra krónar í erlendri mynt, en það fé að sögn áðurnefnds Valdimars allt eyðst í skemmtanir og ferðakostnað.

Ofangreindir aðilar voru færðir í röntgenmyndatöku sem ekki benti til að þeir hefðu fíkniefni fólgin innvortis og þeir því látnir lausir.

Degi síðar bárust lögreglu hins vegar ýtarlegar upplýsingar um að ofangreindir menn hefðu með sér smyglað stórrí sælgætisdós úr þessari utanferð og í þessu íláti leynt verulegu magni hassefna, en einnig að Heimir Hrafnkelsson, f. 20.10. 1965, ætti hlut að þessu broti og hefði að sér tekið söludreifingu efnanna.

Lögregla leitaði þá allra ofangreindra manna og aflaði húsleitarmeildar að Kúrlandi 27 í vistarverum Heimis áðurnefnds.

Þessi leit var gerð um kl. 2.00, 15. þ.m., og fundust þá ýmsir munir, taldir tengjast fíkniefnum og notkun þeirra, en að auki liðlega 970 g af ætluðum hassefnum.

Heimir áðurnefndur gaf þá skýringu á uppruna efna að hann hefði sl. föstudag í akstri við Grandagarð veitt athygli plastpoka milli steina á bak við frystihús Ísbjarnarins og í þessum poka reynst áðurnefnd efni. Heimir þessi kannaðist og við að hafa flutt efnin til síns heima og falið þar í geymslu á jarðhæð og innan í teppi.

Ofangreindur Valdimar T. Þorvaldsson reyndist eftir hingaðkomu hafa vistast á Landsspítala og nánar deild 33A þar sem hann var í gær yfirheyrður af lögreglu.

Hann kvaðst ásamt Jóni K. Jacobsen lengst af síðustu viku hafa lagt á ráðin um för til Amsterdam til fíkniefnakaupa í hagnaðarskyni og þá auk annars rætt við Heimi Hrafnkelsson sem fallist hafi á að taka við og dreifa hérlendis slíkum efnum.

Valdimar þessi kvað gjaldeyriskaup vegna utanferðar hafa numið jafnvirði 180.000,00 íslenskra króna og sem annar kostnaður farar skipst að jöfnu á sig og áðurnefndan Jón Jacobsen.

Valdimar kvað þá féлага hafa haldið flugleiðis til Amsterdam sl. laugardag og ytra að kvöldi sama dags keypt að jöfnu 1.100 g af hassefnum og falið í stórrí sælgætisdós, en þannig smyglað henni hingað til lands sl. mánudag og sú fyrirætlan tekist þrátt fyrir afskipti lögreglu og tollgæslu auk röntgenmyndatöku.

Degi síðar kvaðst Valdimar þessi hafa boðað símleiðis til sín að Þingholtsstræti hér í borg ofangreindan Heimi Hrafnkelsson. Hafi hinn síðastnefndi komið þangað akandi skömmu síðar og þeir fylgst að í Kúrland 27 með áðurnefnda sælgætisdós og hassefni í henni falin.

Kvaðst nefndur Valdimar þarna í Kúrlandi og kl. 17:00 - 17:30 sl. þriðjudag hafa afhent áðurnefndum Heimi hassefnin, en tekið með sér dósina og sælgæti þar í.

Valdimar þessi kvað þá Jón hafa rætt að líklega fengju þeir í sinn hlut af söluandvirði þessara efna allt að einni milljón króna.

Ofangreindur Jón K. Jacobsen hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi kannast við nefnda Amsterdampför með Valdimar, en með öllu neitað, að það ferðalag hafi í nokkru tengst meðhöndlun fikniefna.

Um fjármál vegna ferðarinnar kvaðst Jón þessi ekki vita utan það að hafa hennar vegna afhent Valdimar 50.000,00 íslenskar krónur og hinn síðarnefndi eftir það annast allar greiðslur.

Nefndur Jón kannaðist ekki við að í fórum þeirra féлага hefði verið sælgætisdós, hvorki á útleið né við komu hingað til lands. Hann taldi sig ekki heldur hafa séð eða handleikið slíka dós ytra.

Vegna ofanritaðs er af hálfu lögregluþingvalda í Reykjavík fram komin krafa um gæsluvarðhald Jóns K. Jacobsens allt að hádegi laugardags 25. þessa mánaðar.

Þeirri kröfu er af hálfu réttargæslumanns mótmælt, en til vara krafist, að slík gæsluvarðhaldsvist verði verulega stytta frá kröfu lögregluþingvalda.

#### *Niðurstöður.*

Verið er að rannsaka ætluð umtalsverð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Telja verður rannsókn á frumstigi, enda misræmi milli framburðar grundaðra um veigamikil atriði.

Ekki verður þó fullyrt að samprófanir séu nú tímabærar.

Ætlað sakarefni, sem að Jóni E. Jacobsen snýr, virðist þess eðlis að varðað gæti hann fangelsisrefsingu ef nægilega teldist sannað.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, auk annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluþingvalda í Reykjavík.

Einnig verður horft til kröfu réttargæslumanns að stytta slíka vistun frá kröfugerð lögregluþingvalda svo og þess að frá og með 23. þ.m. hefist röð frídaga vegna páska.

Ákveðst því að Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989, skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 22.20 að telja 16.3. 1989 og allt að miðnætti miðvikudags 22. sama mánaðar.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón K. Jacobsen, kt. 261266-5989, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 22.20 að telja 15.3. 1989 og allt að miðnætti 22. sama mánaðar.